



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

02  
03 20  
22

# Víkingur og Daníel



# Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

## Tímalengd verka:

Clockworking: 8'

Lollapalooza: 7'

FEAST: 22'

---

Blómaskreytingar: Ragnhildur Fjeldsted

Tónleikunum er sjónvarpað beint á RÚV og útvarpað á Rás 1, fimmtudaginn 3. mars kl. 19:00.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands  
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Samstarfsaðili

Icelandair Hotels

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Stoltur bakhjarl



KVÍKA  
Eignastýring

02|03

MIÐVIKUDAGUR  
KL. 20:00

GRÆNA RÖÐIN

# Víkingur og Daníel

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Daníel Bjarnason**  
hljómsveitarstjóri

**Víkingur Heiðar Ólafsson**  
einleikari

**Halla Oddný Magnúsdóttir**  
kynnir

## Efnisskrá

María Huld Markan Sigfúsdóttir  
**Clockworking (2019)**

John Adams  
**Lollapalooza (1995)**

Daníel Bjarnason  
**FEAST (2022)**  
Revellers – Visitors – Knell – Dance –  
Revelation – Danse macabre – Procession

For information in English about  
tonight's programme, please visit the  
Iceland Symphony Orchestra website:  
**[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)**



# Daníel Bjarnason

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljóm-  
sveit Íslands í rúman áratug, bæði sem hljóm-  
sveitarstjóri og tónskáld. Hann hefur unnið með og fengið verk sín flutt af  
fjölda hljóm-  
sveita og má þar nefna Sinfóníuhljóm-  
sveit Íslands, Fílharmóníusveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníu-  
hljóm-  
sveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljóm-  
sveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljóm-  
sveitina, Ulster-hljóm-  
sveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í  
Kraká. Hann hefur gefið út fjórar plötur hjá plötufyrirtækinu  
Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012),  
*Over Light Earth* (2013) og *Collider* (2018). Meðal helstu verka  
Daníels eru óperan *Brothers* sem sýnd var á Íslandi á Listahátíð  
í Reykjavík við mikla hrifningu, og fiðlukonsert sem var pantaður  
af Fílharmóníusveit Los Angeles og Sinfóníuhljóm-  
sveit Íslands,  
og frumfluttur af Pekka Kuusisto og fyrrnefndu sveitinni undir  
stjórn Gustavos Dudamel í Hollywood Bowl. Daníel hefur gegnt  
stöðum staðarlistamanns og aðalgestastjórnanda Sinfóníu-  
hljóm-  
sveitar Íslands og gegnir nú stöðunni „listamaður  
í samstarfi“.

Meðal verkefna sem framundan eru með Daníel og Sinfóníu-  
hljóm-  
sveit Íslands má nefna hljóðritun á nýrri plötu fyrir Sono  
Luminus. Þrjár plötur forlagsins með íslenskri tónlist í flutningi  
hljóm-  
sveitarinnar hafa vakið mikla athygli og var ein þeirra  
tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir besta hljóm-  
sveitarflutning.



# Víkingur Heiðar Ólafsson

## EINLEIKARI

Víkingur Heiðar Ólafsson hefur vakið heimsathygli á undanförunum árum fyrir framúrskarandi tónlistarhæfileika og framsýni í verkefnavali. Hann hefur hljóðritað fjórar plötur fyrir Deutsche Grammophon sem allar hafa hlotið frábærar viðtökur og hefur þeim samtals verið streymt yfir 260 milljón sinnum: *Philip Glass Piano Works* (2017), *Johann Sebastian Bach* (2018), *Debussy / Rameau* (2020) og *Mozart & Contemporaries* (2021). Dagblaðið *The Daily Telegraph* hefur kallað hann „hina nýju súperstjörnu klassíska píanóheimsins“ og *The New York Times* sagði hann vera „Glenn Gould Íslands“. Í febrúar síðastliðnum frumflutti hann nýjan píanókonsert Daníels Bjarnasonar með Fílharmóníusveit Los Angeles og hélt einleikstónleika í Carnegie Hall með tónlist eftir Mozart og samtímamenn hans.

Víkingur Heiðar hefur hlotið fjölda alþjóðlegra verðlauna. Hann var valinn listamaður ársins hjá *Gramophone*-tímaritinu árið 2019 og hefur tvívegis hlotið Opus Klassik verðlaunin fyrir bestu einleiksplötu, auk verðlaunanna Plata ársins hjá *BBC Music Magazine*. Víkingur Heiðar hefur leikið einleik með mörgum helstu hljómsveitum heims og verið staðarlistamaður við tónlistarhús á borð við Konzerthaus í Berlín. Þá hefur hann deilt ástríðu sinni fyrir tónlist gegnum sjónvarps- og útvarpsþætti, og má þar nefna þættina *Útúrdúr* á RÚV, *Píanógoðsagnir* á Rás 1 og *Front Row* á BBC Radio 4 þar sem hann var staðarlistamaður um þriggja mánaða skeið.

Víkingur Heiðar er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021–22 og flytur þrjá nýja eða nýlega píanó-konserta eftir Thomas Adès, Daníel Bjarnason og John Adams undir stjórn tónskáldanna sjálfra.



# María Huld Markan Sigfúsdóttir

## CLOCKWORKING


María Huld Markan Sigfúsdóttir (f. 1980) fiðluleikari og tónskáld hefur farið um víðan völl tónlistarinnar. Hún útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2000 og frá Listaháskóla Íslands með BA-gráðu í tónsmíðum árið 2007. Auk þess að sinna tónsmíðum hefur hún verið meðlimur í hljómsveitinni amiinu til margra ára og með henni ferðast heimshorna á milli og flutt tónlist í ýmsum myndum. María Huld hefur á undanförunum árum unnið með hinum ýmsu listamönnum og hljómsveitum, meðal annars Sinfóníuhljómsveit Íslands, Nordic Affect, London Sinfonietta, Francesco Scavetta, Yann Tiersen, Guy Maddin, Ben Frost, Aono Jikken Ensemble, Sigur Rós, Ragnarí Kjartanssýni og Sólstöfum.

Árið 2012 hlaut María viðurkenningu frá alþjóðlega tónskáldaþinginu (International Rostrum of Composers) fyrir verk sitt, *Sleeping Pendulum*. Hljóðritanir verka hennar hafa hlotið mikið lof gagnrýnenda og má þar sérstaklega nefna plötuna *Clockworking* sem kom út árið 2015 hjá Sono Luminus og hefur að geyma tvö tónverk Maríu Huldar í flutningi tónlistarhópsins Nordic Affect. Einnig hefur María samið tónlist við kvikmyndir og dansverk og hafa tónsmíðar hennar verið fluttar á Íslandi, Bandaríkjunum og Evrópu.

María Huld samdi *Clockworking* upphaflega samið fyrir kammerhópin Nordic Affect sem frumflutti það á Airwaves-hátíðinni 2013 og hefur síðan flutt það víða um heim auk þess sem það er titilverk samnefndrar plötu sem kom út árið 2015. Árið 2019 gerði María Huld nýja gerð verksins fyrir sinfóníuhljómsveit og var hún frumflutt í Fort Worth í Bandaríkjunum í janúar 2020 undir stjórn Miguel Harth-Bedoya. Verkið er byggt á gömlum vinnusöngvum bandarískra fanga, en úr hendingunum mótar tónskáldið mörg lítil gangverk sem saman mynda eina heild líkt og stór klukka.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem hljómsveitargerð *Clockworking* hljómar á Íslandi. Áður hefur verkið hljómað í upprunalegri gerð fyrir kammerhóp, fyrst í Kaldalóni í Hörpu árið 2013. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt tvær tónsmíðar eftir Maríu Huld, *Aequora* (2016) og *Oceans* (2018), og hljóðritað bæði verkin fyrir bandaríska plötuforlagið Sono Luminus.



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er frumflutningur á Lollapalooza á Íslandi. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt allmörg verk eftir John Adams, seinast fiðlukon-sertinn Scheherazade.2 með Leilu Josefowicz haustið 2017 og Short Ride in a Fast Machine á tónleikum um Klassíkin okkar árið 2019.

# John Adams

## LOLLAPALOOZA

John Adams (f. 1947) er eitt helsta núlifandi tónskáld Bandaríkjanna. Hann fæddist í Massachusetts og lærði við Harvard-háskóla en hefur um árabíl verið búsettur í Los Angeles. Adams var á fyrri hluta ferils síns í fararbroddi þeirra tónskálda sem kenna sig við naumhyggju, en undanfarna áratugi hefur hann fetað braut sem kalla má „síð-naumhyggju“ (*post-minimalism*) enda eru verk hans fjölbreytt hvað stíl og inntak varðar. Adams hefur samið ótal hljómsveitarverk og óperur, meðal annars *Nixon in China* (1987), *The Death of Klinghoffer* (1991) og *Doctor Atomic* (2005) sem allar sækja yrkisefni sín í samtímann og hafa jafnvel vakið harðar deilur.

Skemmtistykkið *Lollapalooza* veldur þó varla neinni misklíð enda er tilgangur þess einvörðungu að gleðja og kæta. Adams samdi verkið árið 1995 sem fertugsafmælisgjöf handa vini sínum, breska hljómsveitarstjóranum Simon Rattle. Um uppruna bandaríska orðsins *lolpalooza* er allt á huldu en hugsanlega var það fyrst notað um rothögg í hnefaleikum. Í öllu falli merkir það eitthvað sem er risavaxið, í yfirstærð, jafnvel einnig ófágað eða gróft. Adams hreifst ekki síst af hryn orðsins þar sem sterk áhersla kemur á næstsíðasta atkvæði: da-da-da-DAA-da. Eins konar leiðarstef í þessu stutta og glaðværa verki er fimm tóna hending í básúnum og túbum sem hefur einmitt þennan hryn. Annars er verkið fyrst og fremst „dansandi ferlíki“ eins og Adams kemst sjálfur að orði. Þess má geta að Adams er sjálfur væntanlegur til Íslands og mun stjórna eigin verkum á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands hinn 5. maí næstkomandi.





# Daníel Bjarnason

## FEAST

Píanókoncertinn *FEAST* er sá þriðji á verkaskrá Daníels Bjarnasonar (f. 1979). Fyrsta píanókoncertinn samdi hann á námsárum sínum en konsert númer tvö, *Processions*, var frumfluttur í Háskólabíói í miðri búshaldabyltingu snemma árs 2009 við gífurlegan fögnuð viðstaddra. Kannski þarf hamfarir á heimsvísu til að kveikja hjá tónskáldinu löngun til að semja píanókoncert, að minnsta kosti var *Processions* frumfluttur í miðri heimskreppu og *FEAST* rétt um það leyti sem mannkynið andar léttar eftir tveggja ára veirufaraldur. Annars er engin furða að píanóið standi Daníel nærri því hann er sjálfur menntaður píanóleikari og meðal kennara hans var einmitt Svana Víkingsdóttir, móðir Víkings Heiðars sem hefur verið náninn samstarfsmaður hans um langt skeið.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er frumflutningur *FEAST* á Íslandi en konsertinn hljómaði fyrst á tónleikum í Walt Disney-tónleikahöllinni í Los Angeles 18. febrúar síðastliðinn. Víkingur og Daníel frumfluttu píanókoncertinn *Processions* eftir Daníel á tónleikum í Háskólabíói í febrúar 2009 og hafa síðan flutt þann konsert margoft bæði hér á landi og erlendis.


Konsertinn *FEAST* er eins og titillinn ber með sér eins konar veisla í tónum. Þetta er engin yfirveguð kóngaveisla með menúettum að fornum sið heldur galsafullur og æstur gleðskapur þar sem allt getur gerst. Kveikjan að konsertinum var smásaga eftir bandaríska rithöfundinn Edgar Allan Poe, *The Masque of the Red Death* frá árinu 1842. Þar segir frá því er prins nokkur efnir til veglegrar einkaveislu í höll sinni meðan plága geisar úti fyrir. Dularfullur gestur kemst inn í veisluna og reynist vera dauðinn sjálfur. Konsert Daníels er því eins konar „dauðadans“, en verk sem bera heiti eins og *Totentanz* eða *Danse macabre* eiga sér langa hefð í tónlistinni. Hér er það varla nein tilviljun að verkið sé samið einmitt í miðjum heimsfaraldri. Sjálfur segir Daníel að konsertinn sé eins konar áminning um að njóta lífsins þótt dauðinn hverfi manni aldrei úr huga. „Þetta er ekki nýtt fyrirbæri,“ segir Daníel, „plágur og þjáning hafa fylgt mannkyninu frá örófi alda og úr slíkum hamförum verða til sögur þar sem lífinu er fagnað í öllum sínum litbrigðum.“

Konsertinn hefst með hveli og er knúinn áfram af miklum krafti nærri því frá upphafi til enda. Að nokkru leyti má fylgja megindráttum sögunnar í tónlistinni. Í upphafi ríkir gleði og glaumur, gesturinn dularfulli kemur til veislunnar og áfram er dansað, en undir lokin deyta tónarnir út, verða þynnri og veikari. Af gestunum glaðværur er ekkert eftir nema beinagrindur sem skrölda á efstu nótum píanósins.

Árni Heimir Ingólfsson



Á DÖFINNI



**11|03**  
FÖSTUDAGUR  
KL. 18:00

## Föstudagsröðin á Myrkum músíkdögum

Tvö ný og spennandi íslensk hljómsveitarverk hljóma á þessum tónleikum í Norðurljósum, auk Sinfóníu eftir hina bandarísku Missy Mazzoli frá árinu 2013.

CATAMORPHOSIS eftir Önnu Þorvaldsdóttur var frumflutt á tónleikum Fílharmoníusveitarinnar í Berlín í janúar 2020. Gagnrýnandi The Guardian var stórhreifinn, sagði verkið að sumu leyti minna á tónaljóð Sibelíusar en að það stæði „algjörlega á eigin fótum, og skapar fullkomlega sannfærandi hljóðheim“.

Nýtt hljómsveitarverk, Glerhjallar, frá Sveini Lúðvík Björnssyni verður frumflutt á tónleikunum en íhugul tónlist hans hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli. Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason.



**17|03**  
FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30

## Þýsk sálumessa

Þýsk sálumessa eftir Johannes Brahms hefur alla tíð verið talin eitt af öndvegisverkum trúarlegrar tónlistar á 19. öld. Sálumessan markaði tímamót á ferli tónskáldsins en er um margt óvenjuleg. Einsónvarar eru Emily Porgorelc og Jóhann Kristinsson auk þess sem Mótettukórinn og Söngsveitin Fílharmonía taka þátt í flutningnum.

Þá verður einnig flutt sjaldheyrt en heillandi æskuverk Oliviers Messiaen frá árinu 1930. Stjórnandi er Bertrand de Billy, aðalgestastjórnandi SÍ, sem er fastagestur við flest helstu óperuhús heims og var um árabíl aðalstjórnandi Útvarpshljómsveitarinnar í Vínarborg.



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur  
[www.slippbarinn.is](http://www.slippbarinn.is)



Himnesk matarupplifun  
[www.konsulatdiningroom.is](http://www.konsulatdiningroom.is)



Notalegt, ferskt og fallett  
[www.satt.is](http://www.satt.is)



Fáguð matargerðarlist  
[www.vox.is](http://www.vox.is)



Litríkur, fjörugur og sérvitur  
[www.geirismart.is](http://www.geirismart.is)



# Heil símfónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.

V O X  
RESTAURANT

GEIRI  
SMART  
RESTAURANT

satt

KONSÚLAT  
DINING ROOM

SLIPPBARINN

# 02 03 20 22 | Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Pétur Björnsson  
Pálína Árnadóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Sara Karín Kristinsdóttir  
Lin Wei  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Andrzej Kleina  
Bryndís Pálsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Laura Liu

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Gunnhildur Daðadóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Dóra Björgvinsdóttir  
Guðbjartur Hákonarson  
Þórdís Stross  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Justyna Bidler

## Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Łucja Koczot  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Svava Bernharðsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Sarah Buckley  
Ásta Kristín Pjetursdóttir

## Selló

Steiney Sigurðardóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Helga Björg Ágústsdóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Guðný Jónasdóttir  
Júlía Mogensen  
Margrét Árnadóttir

## Bassi

Xun Yang  
Jacek Karwan  
Þórir Jóhannsson  
Richard Korn  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Hávarður Tryggvason

## Flauta

Áshildur Haraldsdóttir  
Björg Brjánsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Julia Hantschel  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

## Klarínett

Arngunnur Árnadóttir  
Finn Schofield  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Louisa Slosar  
Francisco Soutinho Ventura  
Snorri Heimisson  
Brjánn Ingason

## Horn

Asbjørn Ibsen Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Abel Pérez Armas

## Trompet

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Carlos Caro Aguilera

## Bassabásúna

David Bobroff

## Túba

Nimrod Ron

## Harpa

Katie Buckley

## Píanó

Helga Bryndís Magnúsdóttir

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson  
Kjartan Guðnason

Sigurður Kristinsson, píanóstíllari  
Hjalti Þór Davíðsson, flettari

Eva Ollikainen aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi  
Bertrand de Billy aðalgestastjórnandi  
Kornilios Michailidis staðarhljómsveitarstjóri  
Daniel Bjarnason listamaður í samstarfi  
Anna Þorvaldsdóttir staðartónskáld  
Víkingur Heiðar Ólafsson staðarlistamaður

## Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Halla Oddný Magnúsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi

Valdís Þorkeldsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri  
Jökull Torfason verkefnastjóri viðburða  
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Inga María Leifsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi  
Svanhvít Hrólfssdóttir fjármálastjóri  
Kristbjörg Clausen nótnavörður  
Larissa Weidler umsjónarmaður nótna  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað umsjónarmaður nótna  
Sigþór J. Guðmundsson verkefnastjóri sviðs- og tæknimála  
Björk Björgúlfssdóttir sviðsmaður



*Kvika eignastýring veitir allhliða  
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



**KVÍKA**

*Eignastýring*